Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2396
komudagur 12.5.2011

# Staðreyndir um smálán

## Teknar saman af samtökunum Útlán

1. Smálán eru veitt til 15 daga og fer möguleg lánsupphæð stighækkandi með hverju uppgreiddu láni. Fyrsta lán er kr. 10.000 og fjórða og hæsta lánið er 40.000 kr. sem er jafnframt hámark þeirrar upphæðar sem er hægt að vera með að láni á hverjum tíma.

2. **Meðalupphæð smálána** á einstakling eru **16.500** kr.

3. 32,68 % af fólki sem sækir um smálán fær höfnun um lán.
   Skilyrði sem þarf að fylla til þess að smálán er veitt:
   a) Fólk má ekki vera á vanskilaskrá
   b) Fólk má ekki vera skráð hjá umboðsmanni skuldara
   c) Þarf að vera með skráð símanúmer og gilt debetkort

4. Til þess að geta tekið hámarkslán smálánafyrirtækja, 40.000 kr., þarf einstaklingur að hafa staðið **þrisvar sinnum skil** á fyrri smálánum.

5. Lántakendur eru á öllum aldri:

| | |
|---|---|
| a) 18-19 ára | 9% |
| b) 20-25 ára | 37% |
| c) 26-35 ára | 30% |
| d) 36 ára og eldri | 24% |

   **90,07%** af smálánum eru tekin frá kl. **8 að morgni** til kl. **20 að kvöldi**.

6. **Hæstu mögulegu vanskil** á láni hjá einstaklingi með höfuðstól, kostnaði, dráttarvöxtum og **ÖLLUM** vanskila- og innheimtukostnaði er eftirfarandi:
   a. 10.000 kr. = **28.148 kr.**
   b. 20.000 kr. = **41.006 kr.**
   c. 30.000 kr. = **60.596 kr.**
   d. 40.000 kr. = **66.975 kr.**

7. **66.975 kr.** er **ALGERT** hámark þeirrar skuldar sem einstaklingur getur komið sér í vegna smáláns.

8. Heildarvanskil smálána eru 4-5% sem er svipað hlutfall og vanskil einstaklinga í venjulegu árferði hjá bankakerfinu. 2% af smálánum sem eru í vanskilum eru eldri en 6 mánaða.

9. **Vanskil** vegna smáláns hafa **ALDREI** verið send í löginnheimtu, vegna þess að það svarar aldrei kostnaði. Ógreidd lán verða þar af leiðandi á endanum afskrifuð á kostnað smálánafyrirtækis.